ÞITT EINTAK

# SIRKUS

28. JÚLÍ 2006 I 30. VIKA



HVAÐ Á AÐ DREKKA UM VERSLUNAR-MANNAHELGINA?

GILLZ GEFUR ÞAÐ HRÁTT

KONRAD HINN PÓLSKI HEILLAÐIST AF SIGUR RÓS

# VINSÆLIR&UMDEILDIR

HLJÓMSVEITIN DR. MISTER OG MR. HANDSOME ER EIN VINSÆLASTA HLJÓMSVEIT LANDSINS. ÞEIR SENDU Á DÖGUNUM FRÁ SÉR PLÖT-UNA DIRTY SLUTTY HOOKER MONEY SEM HEFUR HREINLEGA ROKIÐ ÚT ÚR HLJÓMPLÖTUVERSLUNUM. HLJÓMSVEITIN ER UMDEILD FYRIR TEXTA SEM FJALLA MEÐAL ANNARS UM KÓKAÍN OG VÆNDISKONUR.

+ ALLT SEM ÞÚ ÞARFT AÐ VITA UM MENNINGAR- OG SKEMMTANALÍFIÐ Í REYKJAVÍK

**RUI DA SILVA ER FRÁ PORTÚGAL OG ER BÚINN AÐ VERA AÐ DJ-AST OG BÚA TIL TÓNLIST Í UM 10 ÁR. Í DAG BÝR HANN Í LONDON OG REKUR ÞAR TVÖ PLÖTUÚTGÁFUFYRIRTÆKI, 64 RECORDS OG RND. ÁSTÆÐAN FYRIR GÓÐRI KYNNINGU Á GÓÐUM GAUR EINS OG RUI DA SILVA ER SÚ AÐ NÚ ER HANN KOMINN TIL ÍSLANDS TIL AÐ TRYLLA LÝÐINN MEÐ LÉTTU HOUSE/ELECTRONICA OG MINIMAL STÖFFI, JÚ, JÚ LANGT EN GOTT. HANN MUN SÝNA OKKUR HVERNIG Á AÐ GERA ÞETTA Á PRAVDA LAUGARDAGINN 29. JÚLÍ, SVO MISSIÐ EKKI AF HELDUR DRÍFIÐ YKKUR Í DANSFÍLINGINN AF FULLUM KRAFTI.**



# EKTA CREW FLYTUR INN RUI DA SILVA

WITH ♥ EKTA CREW

„Þetta er snillingur sem hefur búið til helling af house-tónlist og á marga slagara og má þá sérstaklega nefna lagið Touch me sem var heitt hér árið 2002,“segir Anna Aduna um kauðann. „Hann hefur þróað tónlistarstíl sinn í gegnum árin og er orðinn meira minimal en hann var að gefa út plötu sem heitir Praying Mantis. Hún er frekar óvenjuleg en Rui segir plötuna vera endurspeglun af því hvar hann er í tónlistinni í dag,“ segir Anna Aduna ánægð með plötuna.

**EKKI LÁTA SIG VANTA**

„Hann spilar mjög sérstaka tónlist og það er bókað að hann mun koma Íslendingum mjög á óvart með stefnu sinni og þeim nýju straumum sem hann er að hrærast í þessa dagana,“ segir hún. „Það er líka vel þess virði að leggja við hlustir því hann er einn af hæfileikaríkustu pródúserunum í bransanum. Enginn sem hefur einhvern áhuga á danstónlist eða elektrói ætti að láta sig vanta á Pravda á laugardaginn,“segir Anna Aduna sem er mjög spennt fyrir kvöldinu.

**EKTA CREW DANSAR INN Í NÓTTINA**

„Við sem erum að flytja hann inn búum í Birmingham og viljum endilega koma heim þeim stefnum og straumum sem við höfum kynnst hér úti. Kvöldin heita Samruni og við köllum okkur Ekta crew, en markmiðið er bara að halda frábær kvöld með jákvæðu andrúmslofti og dansa inn í nóttina,“ segir Anna Aduna um kvöldið og „crewið“.

*sigga@minnsirkus.is*

## SIRKUS MÆLIR MEÐ



Sigur Rós á Klambratúni. Sunnudagskvöldið 30. júlí spila englarnir í Sigur Rós á Miklatúni allra landsmanna. Verður gaman að sjá hvernig þessi ónýtti græni blettur kemur út sem tónleikasvæði fyrir hljómsveitina. Aðgangur er að sjálfsögðu ókeypis og eru allir hvattir til að mæta eiturhressir.



Purple Onion. Þessi frábæri skyndibitastaður er í Hafnarstræti og er kebabinn þar með þeim bestu í Evrópu og tvímælalaust sá besti á Íslandi. Áhersla er lögð á afganskan kebab, en í honum leikur ostur mun stærra hlutverk en venjulega. Maturinn er því bæði mettandi og góður, og á fínu verði.



Myspace.com/sometimegroup. Á þessari síðu má hlusta á fjögur lög með Sometime, frábærri íslenskri hljómsveit sem er skipuð Curver, Danna (Maus), Dj Dice og djasssöngkonunni Diva De La Rosa. Hljómsveitin er ung en skipuð reyndu tónlistarfólki sem gefur vonandi út plötu fyrr en síðar.



Kaffisetrinu. Söngelskir Reykvíkingar þurfa ekki lengur að örvænta eða leita langt yfir skammt, því það er frábær karókíbar (og taílenskur veitingastaður á daginn) ofarlega á Laugaveginum – nálægt Hlemmi. Frábær leið til að byrja helgina, stökkva inn og taka nokkra slagara áður en ræsið er faðmað.

SIRKUSÁVARPIÐ!

## HÓRUR OG KÓKAÍN FÁ MIG TIL AÐ DANSA



Hljómsveitin Dr. Mister & Mr. Handsome er vinsælasta hljómsveit landsins í dag. Hún nær ekki bara til þeirra sem nenna ekki að þrífa sig og vakna á morgnana – hún nær líka til okkar hinna sem vöknum fyrir hádegi. Það er líka það sem meðlimir sveitarinnar vilja. Ná til sem flestra. Textarnir á plötunni eru umdeildir og er það til marks um það hve stutt við erum komin hvað umburðarlyndi gagnvart list varðar. Allt sem sagt er er tekið of bókstaflega. Vissulega syngja þeir um kókaín, hórur og skítugar druslur en þegar ég hlustaði á diskinn, þá langaði mig ekki neitt í kókaín, ekki heldur í skítuga hóru eða druslu. Þess í stað langaði mig til að fara út á gólf og dansa eins og mutha fucka. Hvort það eru textarnir um mellurnar og kókið sem fá mig til þess að dansa eða þessi magnaði taktur í lögunum get ég ekki sagt til um. Ég er allavega sammála því sem Egill Tómasson meðlimur sveitarinnar sagði þegar hann heyrði fyrsta lag sveitarinnar: This is the shit.

*Sólmundur Hólm*



SIRKUS

**Auglýsingastjóri:** Jóhannes Már Sigurðarson
**Kynningarstjóri:** Guðmundur Arnar Guðmundsson
**Sölustjóri:** Hörður Jóhannesson hordur.johannesson@365.is
**Ritstjórn:** Sigríður Ella Jónsdóttir, Sólmundur Hólm Sólmundarson
**Áskrift:** 550 5000 / askrift@365.is
**Prentun:** Ísafoldarprentsmiðja



**Forsíðumyndina tók Heiða Helgadóttir af hljómsveitinni Dr. Mister & Mr. Handsome.**

## EFNI

**4** – Svaðilfarir á Speshring
**6** – Hvað á að drekka um verslunarmannahelgina?
**7** – Vígaleg í Vegamótaportinu
**8** – Morrissey er magnaður karl
**10** – Kistillinn hennar Kristínar
**12-13** – Dr. Mister & Mr. Handsome
**18-19** – Kveðjustund með tárvot augu
**21** – Djammið um helgina
**23** – Hinn pólski Konrad flutti til Íslands út af Sigur Rós





GEIMSTOFAN // DAGSLJÓS

HEIMURINN Á HÚSAVÍKUR Jógúrt MARGT ÓLÆRT

ÞEIR GÍSLI HVANNDAL ÓLAFSSON, GUÐJÓN HEIÐAR VALGARÐSSON OG DAGBJARTUR INGVARSSON HJÓLA NÚ HRINGINN TIL STYRKTAR SPES-SAMTÖKUNUM. ÞAÐ HEFUR EKKI GENGIÐ ÁFALLALAUST FYRIR SIG.

# SVAÐILFARIR Á SPESHRING



STRÁKARNIR HAFA ÞURFT AÐ HAFA FYRIR HLUTUNUM Á LEIÐ SINNI UM LANDIÐ.
Sirkusmynd – Hari

„Síðast þegar ég hringdi var einn aðili búinn að leggja inn á reikninginn," segir Gísli Hvanndal Ólafsson hjólreiðakappi sem hjólar nú hringinn ásamt tveimur félögum sínum. Strákarnir hjóla hringinn til styrktar SPES-samtökunum en þau hlúa að fátækum börnum í Tógó og víðar. Íslendingar virðast eitthvað sitja á sér í peningagjöfum. „Íslendingar eru 300 þúsund en aðeins einn hefur lagt söfnuninni lið," segir Gísli.

### BÍLSTJÓRINN HVARF

Ferð drengjanna hefur ekki gengið snurðulaust fyrir sig. „Kvöldið áður en við lögðum af stað vorum við búnir að redda gaur til þess að keyra með okkur. Það þekkti samt enginn þennan náunga en við treystum samt á hann. Hann mætti niður á Austurvöll þegar við lögðum af stað en svo skilaði hann sér aldrei á Selfoss," segir Gísli en bræður hans þurftu að gera sér ferð á Selfoss með bíl fyrir drengina. Gísli hefur því þurft að keyra bílinn sjálfur og senda þá Guðjón og Dagbjart eina hjólandi en þeir eru þekktir fyrir skelfilegt líkamsform. „Ég hef keyrt á áfangastaðina og hjólað á móti þeim," segir Gísli sem hefur nú fengið Helga nokkurn Bergmann til þess að taka við stýrinu á bílnum. Hann ætti því að geta hjólað með strákunum áfram.

### OF LÍTILL BÍLL

Bíllinn sem strákarnir hafa til umráða er hvorki langferðabíll né rúta. Þess í stað er þetta VW Polo sem verður seint sagður ákjósanlegasti kosturinn í búferlaflutningum. „Ég þarf að troða öllu draslinu inn og svo bara lekur það út þegar ég opna hurðina," segir Gísli. „Nú þegar Helgi er kominn þá bætist við draslið."

### DAGBJARTUR SVARAR EKKI Í SÍMANN

Guðjón meiddist á hné og fékk bólgueyðandi við þeim kvilla. Gísli segir andlegt ástand drengjanna vera meira vandamál. „Andlegt ástand hefur flakkað milli hæstu hæða og dýpstu lægða," segir Gísli. „Dagbjartur talar ekki við mig núna og svarar ekki í símann þegar ég hringi," segir Gísli. „Það tekur mig svona fjóra tíma að fá þá fram úr rúminu. Þar af leiðandi eru þeir aldrei komnir út úr bænum fyrr en tvö. Sem veldur því að þeir mæta seint á áfangastaðina og eru geðveikt svangir og þreyttir þegar þeir byrja að spila. Þetta er vítahringur."

### ÖKUMENN UMBURÐARLYNDIR

Gísli segir ökumenn hafa verið umburðarlynda. „Það eru trukkar við og við sem henda manni út í móa. Þetta var þó hvað verst þegar maður var á leiðinni út úr Reykjavík. Þá fann maður nánast trukkana snerta sig," segir Gísli. Þrátt fyrir andlegar sveiflur og morgunþreytu eru strákarnir á áætlun. Það eina sem er ekki á áætlun er söfnunin sjálf. Það er okkur sem heima sitjum að kenna.

Nánari upplýsingar eru á speshringur.net.

*soli@dv.is*

## SIRKUS MÆLIR EKKI MEÐ



Háskóla Íslands. Það borgar sig ekki að fara í nám, því það tekur langan tíma og skilar sér sjaldnast í budduna. Betra er að gerast tónlistarmaður, einbeita sér að dansvænni tónlist sem selur vel og þannig græða pening. Það eru auk þess of margir nemendur við H.Í. og því fínt að tappa aðeins af.



Pörum í eins fötum. Sem betur fer virðist þessi undarlega tíska aðeins vera bundin við útlendinga, en þessa dagana má sjá marga slíka á vappi um miðborg Reykjavíkur. Þó sést eitt og eitt íslenskt par í samskonar plastgöllum og þau minna á tvíburasysturnar í The Shining.



Evrópuhippum. Þessi flokkur fólks nefnist ýmist neo-hippar, neon-hippar eða einfaldlega Evrópuhippar. Þeir klæða sig í mussur og þunnar hörskyrtur, eru yfirleitt með dredda og setja líka dredda í hundana sína. Sem betur fer eru fáir slíkir hérna á landi, en þó einhverjir. Þið þarna úti – og þið vitið hver þið eruð – hættið þessu vinsamlegast!



Svona er sumarið 2006. Þessi plata hlýtur að vera verk djöfulsins og undirmanna hans, því öllu heilögu og fögru er eytt með útgáfu hennar. Það þarf varla að segja meira um málið, þetta er einfaldlega bölvað drasl sem Satan tók upp í kjallaranum sínum til að spilla æskunni og gera unglinga að glæpamönnum.

# JANET JACKSON HEVUR TAPT SEG 30 KILO



Janet Jackson kom í rættiligan andróður, tá hon í fjør vísti eina brósti í hálvleikinum á Super Bowl, eitt sindur av naknum kjøti var ov mikið fyri amerikanska fólkið. Janet Jackson mátti biða um umbering, og setti seg sambært danska BT við hús, har hon át seg 30 kilo tyngri, men kiloini eru nú horvin, og Janet er skjótt til reiðar við einum nýggjari fløgu. Eisini sigur lætta og glaða songkvinnan, at hon hevur hug at fáa børn við manni sínum Jermaine Dupri. Janet er nú 40 ár og hevur tí umhugsað at ættleiða, skrivar BT.



JANET JACKSON MÁTTI BIÐA UM UMBERING, OG SETTI SEG SAMBÆRT DANSKA BT VIÐ HÚS, HAR HON ÁT SEG 30 KILO TYNGRI, MEN KILOINI ERU NÚ HORVIN,



JANET JACKSON KOM Í RÆTTILIGAN ANDRÓÐUR, TÁ HON Í FJØR VÍSTI EINA BRÓSTI Í HÁLVLEIKINUM Á SUPER BOWL,

FÆREYSKA FRÉTTIN

# GÍTARINN
HLJÓÐFÆRAVERSLUN

Opið:
Mán-Fös: 10-18
Lau: 11-16

## Klassískur Gítar
Poki, Stilliflauta, Auka Strengjasett,
DVD Kennslumyndband



Verð Kr.
**10.900,-**

## Þjóðlagagítar
Poki, Stillitæki, Gítarneglur



Tilboðsverð Kr.
**15.900,-**
Verð Áður Kr: 20.590,-

## Rafmagnsgítar
10W Magnari, Poki, Snúra,
Ól, Stillitæki, Gítarneglur




Verð Kr.
**19.900,-**

## B.C. Rich
Rafmagnsgítarar & Bassar



Verð Frá Kr.
**48.500,-**

## Trommusett
Diskar, Stóll & Kjuðar



Tilboðsverð Kr.
**39.900,-**
Verð Áður Kr: 45.900,-

## Rafmagnsbassi
10W Magnari, Poki, Ól, Snúra
Gítarneglur, Heyrnatól




Verð Kr.
**39.900,-**

Gítarinn...
...Mögnuð verslun

Stórhöfða 27 • Sími: 552-2125 • www.gitarinn.is • gitarinn@gitarinn.is

NÆSTA HELGI ER HIN ALRÆMDA VERSLUNARMANNAHELGI EN EINMITT UM ÞÁ HELGI DETTA MARGIR Í ÞAÐ. FÓLK GENGUR UM TJALDSVÆÐIN MEÐ BJÓR Í BAKPOKA OG DREKKUR SIG ALVEG Í DRASL. ÞÓ MAGN SÉ YFIRLEITT TEKIÐ FRAM YFIR GÆÐI Í VERSLUNARMANNAHELGARDRYKKJU VERÐUR FÓLK AÐ SETJA SÉR EINHVERN STANDARD. SIRKUS FÉKK ÞVÍ NOKKRA BJÓRGÆÐINGA TIL AÐ BRAGÐA NOKKRAR TEGUNDIR OG GEFA ÞEIM EINKUNN FRÁ 1–10. TAKA BER FRAM AÐ BJÓRGÆÐINGARNIR VISSU EKKI HVAÐA TEGUND ÞEIR VORU AÐ SMAKKA HVERJU SINNI.


SKÁL OG SMÖKKUM!

SMAKK SMAKK.

BJÓR OG AFTUR BJÓR.

# HVAÐ Á AÐ DREKKA UM VERSLUNARMANNAHELGINA?

## VÍKING GYLLTUR




**Þossi:** „Vatnskenndur með smá pilsner-keim. Frekar flatur og smá bitter."
Einkunn: 5
**Sigrún Einarsdóttir:** „Rammur og þungur en mjög góður. Gosmikill."
Einkunn: 8
**Svana Björg Ólafsdóttir:** „Þetta er ágætis bjór. Vel hægt að sulla þessum í sig."
Einkunn: 6
**Breki Logason:** „Þessi er fínn. Mjög líklega íslenskur bjór, Víking giska ég á. Fínt að drekka marga svona bjóra."
Einkunn: 7
**Andri Ólafsson:** „Fínt bragð. Ferskur bjór og ekki of bragðmikill. Án þess þó að maður finni vatnsbragð."
Einkunn: 6
**Ólafur Björn Gunnarsson:** „Góður og beiskur. Ágætis bragð."
Einkunn: 6

## TUBORG




**Þossi:** „Bragðlaus stelpubjór/amerískur viðbjóður."
Einkunn: 2
**Sigrún:** „Ágætis bjór. Smá þungur í maga. Bragðsterkur."
Einkunn: 5
**Svana:** „Þessi er mjög svipaður fyrsta bjórnum [Víking, innskot blm.]. Það er samt aðeins meira vatnsbragð og hann er í verri kantinum."
Einkunn: 4
**Breki:** „Ef mér skjátlast ekki, þá er þetta Lite, sem einhver sagði besta light-bjór í heimi."
Einkunn: 5
**Andri:** „Frekar daufur. Flatt bragð sem skildi lítið eftir sig."
Einkunn: 4
**Ólafur:** „Bragðlítill stelpubjór. Lyktarlaus."
Einkunn: 4

## BAVARIA




**Þossi:** „Bragðlítill með vott af sítruskeim. Sætur."
Einkunn: 6
**Sigrún:** „Smá beiskur, léttur. Allt í lagi. Fínn fyrir mikið sull."
Einkunn: 6
**Svana:** „Mér líkar þessi. Hann rennur ljúft niður og er alls ekki of sterkur. Léttur og góður."
Einkunn: 7
**Breki:** „Þetta er greinilega einhver ódýr bjór. Er samt farinn að halda að ég hafi ekkert vit á þessu."
Einkunn: 6
**Andri:** „Vondur bjór. Myndi ekki kaupa hann í ríkinu. Skrítið bragð. Léti kannski bjóða mér hann ókeypis í partíum."
Einkunn: 3
**Ólafuri:** „Þessi var vondur og fór versnandi."
Einkunn: 4

## EGILS GULL




**Þossi:** „Þessi er líka vatnskenndur með smá pilsner-keim. Frekar flatur og bitter."
Einkunn: 5
**Sigrún:** „Fínn bjór, léttur. Það er hægt að þamba smá af þessum."
Einkunn: 7
**Svana:** „Þessi er mjög góður. Akkúrat málið fyrir mig, ekki of væminn og ekki of sterkur. I like it."
Einkunn: 9
**Breki:** „Það sést langar leiðir á froðunni að þetta er Carlsberg-bjór. Fínn, besti hingað til."
Einkunn: 8
**Andri:** „Fínn bjór. Þjónar bragðlaukunum vel, án þess að verða yfirþyrmandi. Myndi kaupa kippu af honum í ríkinu á 1.200 kall."
Einkunn: 7
**Ólafur:** „Fínt bragð."
Einkunn: 8

## BECKS




**Þossi:** „Bragðmikill (sennilega lager). Bitter með karakter."
Einkunn: 8
**Sigrún:** „Vondur Bjór. Eftirbragðið minnir á slæma andfýlu."
Einkunn: 1
**Svana:** „Þessi er alls ekki góður. Hreint og beint vondur. Fékk mig næstum til þess að throw up."
Einkunn: 1
**Breki:** „Þessi er þýska stálið í bjórnum. Er ekki frá því að það sé smá járnbragð af honum. Meira bjórbragð en af hinum."
Einkunn: 7,5
**Andri:** „Frábær bjór, veisla fyrir bragðlaukana. Bragðmikill og kraftmikill eins og alvöru bjór á að vera."
Einkunn: 8
**Ólafur:** „Góð sterk lykt. Góð fylling. Greinilega góðir humlar. Gefið mér meira."
Einkunn: 9

## CARLSBERG




**Þossi:** „Vatnskenndur pilsner. Frekar flatur og smá bitter."
Einkunn: 5
**Sigrún:** „Góður bjór. Hvorki of þungur né léttur. Hægt að þamba vel af þessum."
Einkunn: 7
**Svana:** „Allt í lagi bjór. Bara la la."
Einkunn: 5
**Breki:** „Ég finn engan mun á þessu."
Einkunn: 7
**Andri:** „Skrítið bragð af þessum sem ég veit ekki hvort ég gæti vanist. Fær stig fyrir viðleitni."
Einkunn: 5
**Ólafur:** „Vond lykt. Ekki góður, kannski er ég bara búinn að fá nóg af bjór í kvöld. Greinilega eitthvað dósasull – hvar eru flöskurnar?"
Einkunn: 3

## VÍKING LITE




**Þossi:** „Bragðlaus stelpubjór. Þetta er líka einhver amerískur vibbi."
Einkunn: 2
**Sigrún:** „Mjög léttur. Alls ekki bragðgóður að mínu mati. Ekki nóg gos."
Einkunn: 3
**Svana:** „Ekki góður. Kannski hægt að drekka hann eftir sex af einhverjum öðrum bjór."
Einkunn: 2
**Breki:** „Þessi er ágætur, svolítið vatnskenndur."
Einkunn: 6
**Andri:** „Mildur og góður. Fínn ef maður ætlar að drekka marga. Ekki mjög bragðmikill en góður samt."
Einkunn: 6
**Ólafur:** „Bragðlaus og lyktarlaus. Ég kaupi hann ekki fyrir helgina."
Einkunn: 2

## ÚRSLIT HJÁ STRÁKUM & STELPUM

**1. Egils Gull: 7,3**
2. Víking Gylltur: 6,3
3. Becks: 5,75
4–5. Bavaria: 5,3
4–5. Carlsberg 5,3
6. Tuborg: 4
7. Viking Lite: 3,5

### STELPUR

**1. Egils Gull: 8**
2. Víking Gylltur: 6
3. Bavaria: 6,5
4. Carlsberg: 6
5. Tuborg: 4,5
6. Viking Lite: 2,5
7. Becks: 1

### STRÁKAR

**1. Becks: 8,13**
2-3. Egils Gull: 7
2-3. Víking Gylltur: 7
4. Carlsberg: 5
5.Bavaria: 4,75
6. Viking Lite: 4
7. Tuborg: 3,75





# TÍSKA OG STEMNING

ÞAÐ VAR FULLT AÐ GERA UM HELGINA OG MEÐAL ÞESS SEM STÓÐ UPP ÚR VAR TÍSKUSÝNING SEM HALDIN VAR Á VEGAMÓTUM Á LAUGARDAGSKVÖLDIÐ. VEÐRIÐ VAR UPP Á SITT BESTA OG VAR SETIÐ Á ÖLLUM BORÐUM BÆÐI ÚTI OG INNI. PORTIÐ VAR PAKKAÐ OG NÓG AF SKEMMMTILEGHEITUM UNDIR DÚNDRANDI TÓNUM. VEISLAN VAR HALDIN Í SAMSTARFI VIÐ HELSTU „SECOND HAND" BÚÐIR BÆJARINS. HLJÓMSVEITIN KENYA NEMOR KOM SKEMMTILEGA Á ÓVART OG FÉKK GÓÐAR VIÐTÖKUR. DJ B-RUFF SÁ UM TÓNLISTINA ÞAR TIL VEISLAN VAR FÆRÐ INN EN ÞÁ KOMU ÞEIR DJ DÓRI OG DJ RAMPAGE OG TRYLLTU LÝÐINN ÁSAMT BENNA B-RUFF. EITT ER VÍST OG ÞAÐ ER AÐ STRÁKARNIR STÓÐU UPP ÚR OG MÁ MEÐ SANNI SEGJA AÐ ELVIS Á SKILIÐ KLAPP Á BAKIÐ.

Stuttbuxur





Rautt er alveg málið.

Töffari



Tiger og gallaefni, góð blanda.

Sæt þessi.





Stuttbuxur eru ennþá heitar.





Rómantískur blær.



Rosalegt endasjóv.

# PLÖTUDÓMAR

Sú sögufræga sveit 5ta herdeildin hefur sent frá sér nýjan disk, fjórtán laga safn af sönglögum sem flest eru eftir gímaldin sem leikur á gítara og syngur. Þetta er stór pakki – yfir klukkustund að lengd. Tónlistin er fjölbreytilegt og frjálslegt – rokk myndum við kalla þetta stöff. Spilamennskan er sannfærandi og hljómurinn gisinn, hér er ekki hlaðinn þéttur veggur og pússaður eða fágaður. Textagerð gímaldsins (þetta er listamannsnafn) er á mörkum hins banala, full af fáránleika í barnalegum hugdettum sem lúta röklegri frásögn. Hér er samt óður til kattarins, háðsdrápa um skáldahópinn, nýtt ár lofað og sagt af englum. Allt er þetta gert með frjálsum bragarhætti og skáldlegt nokkuð af talsverðri andagift sem hlustandi getur ekki gert við upp við sig hvort er skop eða spott, eða máski bara grátbólgin alvarlega.
Tónlistin er frjálsleg í formi – fordæmi og fyrirmyndir eru ugglaust til en verkið verður ekki dæmt nema á eigin forsendum. Þetta er skemmtilegur gripur fyrir áhugamenn um tónskáldskap og kúnstugur. Prýði er að kvenröddunum sem skartað er í fáeinum lögum. Skipið siglir er kostulegur gripur fyrir forvitna um vegi utan alfaraleiða iðnaðarpoppsins.

**FIMMTA HERDEILDIN**
**SKIPIÐ SIGLIR**
**MANCHESTER FILES**

**1 2 3 4 5 (6) 7 8 9 10**



Rétt eins og 5ta herdeildin fylgja þessir disknum sínum eftir með þakkarorðum til fjölskyldu og vina – passar ekki beint við þá kokkuðu hörkuímynd sem þeir hafa valið sínu teknókennda rokki. Það er svo gaman að klæða sig upp sem óþekkan strák – en allir þurfa sinn einkennisbúining, eins og Frank Zappa sagði.
Þetta er hart mixað stöff, hörkuleg dansmúsik með þungum og oft nokkuð einsleitum trommuhljóm, hér er öllu þjappað saman í yfirgnæfandi myrkan tónvegg með karlmannsrödd muldrandi rámri rödd textana enska. Það verður lát á muldrinu þegar kvenraddir koma til sögunnar. Svala Björgvins glansar í stykki sem þegar grannt er skoðað í kjölinn er saknaðarballaða í beiska kantinum. Flottur flutningur hjá Svölu sem er ekki öll þar sem hún er séð. Söngvasafn þessara pilta verður nokkuð tilbreytingarlítið þegar á líður. Einhverjir hafa látið hátt með fyrirferð kókaíns í textunum þeirra eins þeir standi fyrir einhverju kynningarprógrammi, en það er ofsagt. Heimurinn sem þeir kveða um er tilbúningur og hvíta duftið partur af því. Ekki er hann geðfelldur í sínu stirðnaða og stríða lífi, en einhverjum þykir hann töff. Öðrum aðeins broslegur. Þetta er vel framkvæmt verk en nokkuð einsleitt – það er þó örugglega að yfirlögðu ráði.

**DR. MISTER & MR. HANDSOME**
**DIRTY SLUTTY HOOKER MONEY**
**COD MUSIC**

**1 2 3 (4) 5 6 7 8 9 10**



*pbb@dv.is*



**Á NÆSTU DÖGUM HEFST TÓNLEIKAFERÐ SIGUR RÓSAR UM LANDIÐ, EN ALLS ER FYRIRHUGAÐ AÐ HLJÓMSVEITIN LEIKI Á SJÖ TÓNLEIKUM VÍÐA UM LAND Á NÆSTU TVEIMUR VIKUM.**

# SIGUR RÓS MEÐ SJÖ TÓNLEIKA

Sigur Rós er vön að gleðja landann og að þessu sinni ætla þeir Sigur Rósar-meðlimir að halda sjö tónleika hér á landi. Þeir ætla að halda tónleika í hverjum landshluta sem eru aðallega ætlaðir íbúum á svæðinu og því verði þeir aðeins auglýstir á viðkomandi stað með skömmum fyrirvara. Það ber að leggja áherslu á að það er frítt inn á alla tónleikana sem sveitin heldur og því er um að gera að njóta fagurra tóna.

### FÖSTUDAGS- OG SUNNUDAGSTÓNLEIKAR

Að þessu sögðu hefur verið tilkynnt um tíma- og staðsetningu tvennra tónleika. Föstudaginn 28. júlí leikur hljómsveitin þannig á útitónleikum við bæinn Háls í Öxnadal, en um hálftíma akstur er þangað frá Akureyri.
Sunnudaginn 30. júlí leikur Sigur Rós síðan á útitónleikum á Klambratúni í Reykjavík, en á þeim tónleikum hitar hljómsveitin Amiina upp. Mikið verður lagt í þá tónleika, að sögn Kára, enda sé ætlunin að umgjörð þeirra verði svo glæsileg að ekki hafi annað eins sést í Reykjavík. Þeir tónleikar, sem eru einnig ókeypis, hefjast kl. 20.45.




**ROKKARINN MORRISSEY HEFUR EKKI LÁTIÐ DEIGAN SÍGA MEÐ ÁRUNUM OG ER ENNÞÁ AFKASTAMIKILL**

# SÉRVITRI SNILLINGURINN




**SÍÐASTA PLATA MORRISSEYS, MEÐ HANN SJÁLFAN FRAMAN Á Í HLUTVERKI FIÐLARANS FRÆGA SEM EINKENNIR MERKI DEUTSCHE GRAMMOPHON-ÚTGÁFUNNAR.**

Steven Patrick Morrissey fæddist árið 1959 og ólst upp í verkamannahverfi nálægt Manchester. Hann hefur lýst því yfir að á barnaskólaárunum hafi hann verið þunglyndur og einmana, sem leiddi til þess að hann neytti lyfseðilskyldra fíkniefna sem unglingur. Hann hætti snemma í skóla og einbeitti sér í staðinn að skriftum, lestri og tónlist. Um svipað leyti skrifaði hann jafnframt stuttar bækur um tvær helstu hetjurnar sínar: leikarann James Dean og hljómsveitina The New York Dolls.

### ÁRIN Í THE SMITHS

Eftir stutt stopp í tveimur hljómsveitum stofnaði Morrissey The Smiths ásamt Johnny Marr gítarleikara árið 1982. Hljómsveitin varð snemma þekkt fyrir umdeilda texta Morrisseys, sem fjalla til dæmis um fyrirbæri eins og heimilisofbeldi, fíkniefnanotkun og hryðjuverk, og tónlist Marrs. Næstu fimm árin gaf hljómsveitin út fjórar hljóðversplötur, nokkrar safnplötur og margar smáskífur sem náðu hátt á breska vinsældalistanum. Þrátt fyrir vinsældir hljómsveitarinnar skapaðist sífellt meiri togstreita innan hennar – sérstaklega á milli Morrisseys og Marrs – og hún lagði loks upp laupana árið 1987.

### ERFIÐIR EFTIRMÁLAR

Þrátt fyrir að The Smiths hafi hætt störfum hafa þeir félagar hist reglulega eftir það – í dómsal vegna deilna um fjármálaveldið sem bandið skildi eftir sig. Í ljósi þessara deilna – sem og annarra – hafa litlar líkur verið taldar á því að þeir muni nokkurn tímann koma saman á ný. Í mars tilkynnti Morrissey raunar að honum hefðu verið boðnar fimm milljónir bandaríkjadollara fyrir að koma The Smiths saman, en hann hefði neitað. „Ég myndi frekar borða eigin eistu en að spila aftur með The Smiths – og það er talsvert fyrir grænmetisætu," sagði hann.



**HRESS Á KANTINUM MEÐ TOMMYGUN**

### HORN Í SÍÐU ANNARRA

Morrissey hóf sólóferil eftir að The Smiths hætti og hefur gefið út margar vinsælar plötur, síðast Ringleader of the Tormentors sem hann fylgir nú eftir með tónleikaferðalagi. Hann hefur verið enn grófari í textum sínum og yfirlýsingum síðan sólóferillinn hófst, en hann hefur líkt George W. Bush við nasista og sagst vilja sjá hann dauðan og leiddi það til þess að FBI yfirheyrði hann. Skoðanir hans á dýrum hafa einnig vakið úlfúð, en hann hefur verið grænmetisæta frá 11 ára aldri.




**THE SMITHS ÞEGAR ALLT LÉK Í LYNDI**
Tónlistarmaðurinn Morrissey er á leið til landsins og heldur tónleika í Laugardalshöllinni 12. ágúst næstkomandi. Hann er án efa einn vinsælasti tónlistarmaður heims og áhrifa hans gætir víða, þótt hann sé vafalaust þekktari fyrir tiktúrur sínar og erfitt skap.

### SAMKYNHNEIGÐUR EÐA EKKI?

Kynhneigð Morrisseys hefur verið hvað mest á milli tanna fólks síðan þessi sérvitringur steig fyrst fram, en margir telja suma texta hans fjalla um samkynhneigð og erfiðleika tengda henni. Morrissey hefur hins vegar verið mótfallinn því að ræða þetta mál, sem hefur auðvitað ýtt enn frekar undir vangavelturnar.

### FRÁBÆR SKEMMTUN FRAM UNDAN

Morrissey mun leika lög frá öllum ferlinum, allt frá Smiths-árunum fram til dagsins í dag. Húsið verður opnað kl. 19 og tónleikarnir hefjast kl. 20. Uppselt er í stúku, en miðar eru enn fáanlegir í stæði og kosta 4.500 kr., auk miðagjalds.







Komin í verslanir

www.12tonar.is www.kk.is

12 Tónar

# SÓLBERJA- OG PÖNNSLU-BORÐIÐ GÓÐA

Það er alltaf skemmtilegt að fá að hnýsast smávegis, hver veit hvaða gersemi við munum finna og sjá hverju sinni. Að þessu sinni fengum við að kíkja í kistuna hjá Kristínu Kristjánsdóttur, snillingi með meiru. „Það er alltaf nóg að gera en ég er á fullu þessa dagana en er samt sem áður í sumarfríi,“segir Kristín hress og kát. „Ég er bara búin að vera í sumarfríi og hef verið að njóta þess en annars er ég að vinna í Salnum í Tónlistarhúsi Kópavogs. Ég var að fá nýjan titil sem ég er afskaplega ánægð með en nú er ég kynningarfulltrúi hjá Salnum í Kópavogi,“ segir Kristín sem er að vonum ánægð með það og hefur í nógu að snúast. Sirkus óskar Kristínu svo sannarlega til hamingju með nýja starfið og vonar að restin af sumarfríinu verði frábær.

*sigga@minnsirkus.is*



„Hér er ég og rúmteppið góða,“ segir Kristín. „Þetta rúmteppi gerði Dagbjört, amma kærastans míns. En sagan segir að það hafi tekið hana ár að sauma í það og bródera teppið. Ég er mjög hrifin af því, það er eitthvað svo ævintýralegt og fallegt, fyrir utan það þá liggur líka alveg gífurleg vinna bak við þessa gjöf,“ segir Kristín um teppið.



„Þessi kisa er í miklu uppáhaldi en þetta er mynd sem ég gaf Gísla, kærastanum, í gjöf,“ segir Kristín kát. „Hún er í voða miklu uppáhaldi en það er þannig að Gísli hefur alltaf átt mjög mikið af köttum en við getum ekki átt kött því ég er með svo mikið ofnæmi. Svo þetta er svona það besta sem við getum,“ segir Kristín og skellir upp úr.



„Þetta eru eiginlega tvær manneskjur í sleik,“ segir Kristín og hlær. „Elísabet Olka vinkona mín gaf mér þessa mynd en hún málaði hana sjálf. Hún gaf mér hana í páskagjöf og ég er svo hrifin af henni. Það er svo yndislegt að eiga mynd eftir vin, þetta er hennar vinna og hún er svo dugleg að mála. Æðisleg gjöf, sem mér þykir ótrúlega vænt um,“ segir Kristín ánægð með vinkonuna og myndina góðu.



„Eldhúshornið er mitt uppáhald og alveg rosalega mikilvægt í mínu lífi,“ segir Kristín. Amma mín og afi fengu sér þetta borð og stóla í kringum 1975 og það hefur verið hjá þeim síðan ég man eftir mér. Það eru svo margar minningar frá þessu borði, það var svona „center point“ hjá ömmu og afa og þar voru gestir og kökur og gómsæti. Þarna fékk ég mér sólberjasaft og pönnslur og þarna var skeggrætt daginn út og inn. Þetta er einfalt borð og stólar en mér finnst það ofsalega fallegt en amma arfleiddi mig að því þegar hún flutti í minna húsnæði,“ segir Kristín voðalega ánægð með eldhúshornið sitt.



„Ég fékk eina myndina sem er lengst til hægri í afmælisgjöf frá Lindu vinkonu minni en svo fluttum við saman, ég og kærastinn minn, og þá átti hann líka tvær svona myndir,“ segir Kristín. „Nú og þá áttum við þrjár og ákváðum að splæsa þeim í svona safn, en þetta er eftir Arnar og Styrmi og við erum rosa ánægð með safnið,“ segir Kristín kát.



„Hér valdi ég að hafa myndavélina en með henni safna ég góðum minningum. Síminn er svona beisik, eitthvað sem allir eiga en dagbókin er mér allt. Ef ég ætti ekki dagbók, þá væri ég ekki í vinnu og ætti enga vini. Það er allt í henni, afmælisdagar, plön og bara allt. Hún skiptir mig alveg rosalega miklu máli,“ segir Kristín.



„Þetta eru allt gjafir sem ég hef fengið,“ segir Kristín um dýrin sín. Ég hef verið að fá þessar gjafir kannski af því ég get ekki átt gæludýr en þetta eru allt dýr. Þetta eru uppáhaldshundarnir mínir sem ég fékk frá vinum mínum, þeim Davíð og Bjarna. Þetta eru franskir búlldoghundar og mér þykir rosalega vænt um þá. Svínið fékk ég frá Gísla, kærastanum mínum, en það getur talað og labbað,“ segir Kristín.

# Arthúr

## LOSTI




fjandinn.com/Arthur

# citré shine
## hárvörur




Citré Shine hárvörurnar eru hágæða vörur sem ætlaðar eru fyrir daglega notkun. Ásamt því að hreinsa og mýkja hárið gefa þær því fallega áferð og aukinn gljáa.




- **Smooth out sjampó og hárnæring**
  Fyrir úfið hár. Gerir hárið meðfærilegra, nærir það og róar.
- **Moisture burst sjampó og hárnæring**
  Fyrir þurrt hár. Veitir hárinu aukinn raka og endurnærir það.
- **Daily revitalize sjampó og hárnæring**
  Fyrir allar hárgerðir. Endurlífgar, nærir og verndar hárið.
- **Color brilliance sjampó og hárnæring**
  Fyrir litað og meðhöndlað hár
  Nærir og verndar hárið ásamt því að auka fyllingu þess.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# SKÖPUM OKKAR EIGIN HEIM

HLJÓMSVEITIN DR. MISTER & MR. HANDSOME ER EINHVER VINSÆLASTA HLJÓMSVEIT LANDSINS. EINS OG OFT VILL VERÐA MEÐ ÞÁ SEM ERU VINSÆLIR ERU ÞEIR FÉLAGAR AFAR UMDEILDIR LÍKA. ÞEIR SYNGJA UM EITURLYF OG ENDALAUST PARTÍSTAND. ÞAÐ HEFUR FARIÐ MISVEL Í SIÐAPOSTULA ÞJÓÐARINNAR EN ENGINN REYNIR AÐ HALDA ÞVÍ FRAM AÐ ÞETTA SÉ EKKI DÚNDUR PARTÍMÚSÍK. ÞEIR SENDU Á DÖGUNUM FRÁ SÉR PLÖTUNA DIRTY SLUTTY HOOKER MONEY SEM HEFUR VAKIÐ MIKLA ATHYGLI. SÓLMUNDUR HÓLM HITTI ÞÁ ÍVAR ÖRN KOLBEINSSON (DR. MISTER), GUÐNA RÚNAR GUNNARSSON (MR. HANDSOME), EGIL TÓMASSON (SNAKE) OG PÉTUR JÖKUL Á DILLON OG RÆDDI VIÐ ÞÁ UM ALLT MILLI HIMINS OG JARÐAR.





Sirkusmyndir: Heiða

Guðni Rúnar – Mr. Handsome – situr einn inni á Dillon og gluggar í slúðurblað þegar ég mæti á svæðið. Hinir eru ókomnir og tjáir hann mér að þeir séu á leiðinni. Innan skamms mæta hinir strákarnir í bandinu einn af öðrum. „Megum við ekki fara upp í prívat og taka smá viðtal?“ spyr Ívar – Dr. Mister – barstúlkuna sem gefur grænt ljós á það.

**BYRJAÐI Í UNDERGRÁNDINU**

„Við höfum verið til frá því í september 2005 þegar við spiluðum með Gus Gus á Nasa,“ segir Egill og svarar þar með spurningunni um hve lengi bandið hafi verið til. „Þá byrjuðum við að leggja drög að plötunni og hljómsveitin varð til í þeirri mynd sem hún er í núna.“ Bandið á sér þó lengri sögu. „Þetta prójekt var búið að vera í dreifingu undergránd. Kokaloca og þetta sjitt var búið að vera að ganga manna á milli áður,“ segir Ívar og á þar við að hann og Guðni hafi verið byrjaðir að vinna í músíkinni áður. Pétur Jökull man eftir sínum fyrstu kynnum af tónlist drengjanna. „Ég man bara að ég hitti Egil og hann var að segja mér frá þessari tónlist og hann sagði: This is the shit. Við verðum að gera eitthvað meira úr þessu,“ segir Pétur og Ívar minnist hins sama. „Ég man einmitt, þegar ég var að hitta Pétur, þá var hann að segja mér að Egill væri að missa sig yfir efninu okkar.“

**AÐAL FOKKING GAURARNIR**

Strákarnir hafa náð skjótum frama í ljósi þess að þeir komu fyrst fram síðasta haust. Guðni segir það enga tilviljun. „Við sáum þetta allt fyrir okkur. Við ætluðum að vera orðnir aðal fokking gaurarnir sumarið eftir.“ Ívar er sammála því. „Fyrsta lagið sem við sömdum var Kokaloca og við heyrðum alveg strax að þetta var hittaramateríal. Við vorum líka duglegir að brenna það á diska og dreifa til fólks. Kokaloca var farið að hljóma á skemmtistöðum bæjarins áður en við vorum búnir að taka upp gítarinn í laginu.“

Pétur segist muna eftir því þegar hann hitti Ívar á Kaffibarnum einn morguninn þegar þeir voru að „…ná sér eftir eitthvert djamm“, eins og hann orðaði það sjálfur. Ívar kynnti hann fyrir nýjum karakter sem hann hafði skapað: Dr. Mister. „Þá var ég búinn að gera einhvern leikþátt í kringum þetta. Þetta eru allt náttúrulega karakterar sem við erum búnir að búa til. Við erum að setja okkur í hlutverk,“ segir Ívar og Guðni bætir við þýðingarmikilli setningu: „Við erum að búa til okkar heim.“

**REYNA AÐ NÁ TIL SEM FLESTRA**

Drengirnir eru vinsælir og ná ekki einungis til þeirra sem sofa til hádegis og fara því næst beint á barinn. Aðdáendahópur þeirra er stór og breiður. „Það er líka það sem við erum að reyna. Við ætlum að ná til flestra. Þetta á bara að vera fokking katsí og kúl en samt með þetta orginal sánd sem við erum búnir að búa til,“ segir Guðni og Egill bætir við: „Þetta er bara últimeit partí músík. Og ef það er eitthvað sem fólk elskar, þá er það að partíast og dansa af sér rassgatið.“ „Bad boys í stuði,“ segir Ívar og hittir þar naglann á höfuðið. „Ég held að við séum að krossa yfir breiðan hóp. Þótt það séu einhverjir dauðarokkarar sem viðurkenna ekki að þeir fíli Dr. Mister & Mr. Handsome, þá gera þeir það þegar þeir loka sig inni í herbergi á kvöldin með heyrnartól,“ segir Egill og klárar þar með umræðuna um vinsældirnar.

## TEXTABROT

### TEXTARNIR Á PLÖTUNNI DIRTY SLUTTY HOOKER MONEY ERU UMDEILDIR. HÉR ERU NOKKUR TEXTABROT:



**COCAINE BOOTY**

Bootie! Bootie! Bootie!
Cocaine Bootie!
Cocaine bootie, shakin, loving,
bumbin titty's.

**DIRTY SLUT**

I'm a dirty slut, I like to lick a lot.
For some coka, In my nosejob.
I'm a dirty slut, I like to lick a lot.
For some coka, I'll give a blowjob.

**THE HIGHS AND LOWS**

I am really low on cash
But I need to satisfy my coka need.
It ain't about the the looshes no more
I just got to have a gram in my little coka-pocket.

**TEXTARNIR UMDEILDIR**

Vinsældirnar leyna sér ekki, en það gera óvinsældirnar ekki heldur. Textagerð sveitarinnar er umdeild. Á plötunni Dirty slutty hooker money sem þeir sendu frá sér á dögunum syngja þeir meðal annars um kókaín, skítugar druslur og hórur.

*Er fólk að taka þessum textum of alvarlega?*

„Overall er fólk að taka þeim með þeirri varúð sem það ætti að gera. En inn á milli eru einhver frík sem eru að tapa sér yfir þessu en það fólk verður bara að eiga það við sjálft sig,“ segir Egill. „Þegar maður er með svona krassandi texta má alveg búast við þessu. Þetta eiturlyfjasteitment og allt það kallar á hörð viðbrögð,“ segir Ívar. „Maður hefur einmitt heyrt fólk segja: „Krakkarnir mínir eru að syngja Kokaloca, við erum ekki að fíla það“,“ segir Ívar.

**BANNAÐ AÐ AUGLÝSA SIG**

Það eru ekki einungis textarnir á plötunni sem eru umdeildir heldur er plötuumslagið sjálft umdeilt. Það sýnir stúlku liggjandi örmagna á rúmi og peningar á náttborðinu. Hefur þetta orðið til þess að þeim er bannað að hengja upp plaköt í Skífunni og BT. „Við megum ekki auglýsa plötuna neins staðar nema kannski í Plötubúðinni á Hlemmi,“ segir Egill. Drengjunum er heitt í hamsi yfir því að vera meðhöndlaðir eins og óhreinu börnin hennar Evu. „Hafa þau verið að hlusta á textana í þessu fokking hip hopi sem er í gangi núna? Bítlarnir tala um eiturlyf, 50 Cent talar um allt, Eminem er að ríða mömmu sinni. Svo þegar við komum, þá bakka þeir ekki upp sína eigin menn,“ segir Ívar afar ósáttur og Egill bætir við: „Hvað er tónlist? Er tónlist ekki afþreying fyrir flesta? Þetta er dægradvöl til að koma þér í gott skap og ég held að þeir sem kaupa diskinn séu ekkert á leiðinni beint í eitthvert bakhús að taka eiturlyf. Þetta er bara partímúsík.“

**STÆRRA OG STÆRRA PARTÍ**

Tónlist drengjanna er dansvæn og fá flestir fiðring í kroppinn sem á hana hlýða. Stemningin á tónleikum hlýtur því að vera í dýrari kantinum. „Það er geðveikt gaman. Við vorum að spila um síðustu helgi í Hafnarfirði á Áttunni og það var bara mega uppþot,“ segir Egill Ívar tekur undir: „Þetta var geðveikt. Allir úr að ofan, mega sviti, ógeðslega heitt og allir að syngja með.“

*Er það ekki það sem þið viljið?*

„Jú, algerlega. Við erum bara að búa til partí. Það á bara að búa til stærra og stærra partí,“ segir Ívar.

**SAMEINAÐIR Á THOMSEN**

Nú framundan er margt um að vera hjá strákunum. Fyrst og fremst er að fylgja plötunni eftir. Þá stefna þeir einnig með efni sitt á erlendan markað. „Það verður bara í haust. Leyfum þessu að rúlla hérna heima og svo förum við að einbeita okkur að erlendum markaði,“ segir Egill.

*Er það England?*

„England og Þýskaland – byrjum þar. Það er örugglega tífalt hægari prósess en við bara gefum þessu tíma,“ segir Guðni og Ívar bætir við: „Svo eru náttúrulega allar hátíðirnar næsta sumar, við ætlum að reyna að komast á sem flestar.“ Þá eru strákarnir byrjaðir á annarri plötu sem mun hafa annað konsept að þeirra sögn. Platan sú er harðari og miklu meira „evil“. Á henni sameinast ólíkir bakgrunnar hljómsveitarmeðlima.

*En hún verður dansvæn?*

„Við munum prufukeyra lögin í settinu. Þau lög sem fá ekki gellurnar til að dansa verða sett í naflaskoðun,“ segir Egill og hlær. Ívar bætir við: „Við semjum lög og erum ekki sáttir fyrr en við finnum þessa gæsahúð. Við viljum að þú finnir þessa stemningu sem þú finnur þegar þú ert ofan í dimmum Thomsen-kjallara.“ Þeir hlæja dátt þegar Thomsen ber á góma því það mun hafa verið staðurinn sem sameinaði þeirra ólíku bakgrunna.

**HELDUR MANNI FOKKING GANGANDI**

Ný plata komin í pípurnar og nóg af tónleikahaldi framundan. Strákarnir eru að spila í Flass FM tjaldi á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum um verslunarmannahelgina. Einnig verða þeir með útgáfupartí á Rex 11. ágúst og spila á stóra sviðinu á Arnarhóli á menningarnótt. Airwaves í haust og síðan mun þetta vinda upp á sig. Þeir lofa því að taka enga pásu á þessu ári. „Þetta er það sem heldur manni fokking gangandi,“ segir Ívar að lokum.



BJÖRK VIGGÓSDÓTTIR, EINN AF LISTAMÖNNUNUM SEM SÝNA.

# ÆVINTÝRI LÍKAST

„Við erum tólf listamenn sem erum að sýna á Akranesi þessa dagana," segir Björk Viggósdóttir, einn af listamönnunum. „Sýningin var opnuð núna 8. júlí og stendur til 12. ágúst, en við erum öll útskrifuð úr Listaháskólanum og vinnum með og í mismunandi miðlum. Sýningin heitir Án tillits og er hún haldin á Kirkjuhvoli, en þetta er heilagt hús, það er að segja gamalt prestsetur á tveimur hæðum. Þetta er mjög skemmtileg sýning og metnaðarful," segir Björk sem veit að hér er margt forvitnilegt að sjá.



## INNSETNINGAR ÚTI Í GARÐI

„Sýningin sjálf er opin alla daga en á sunnudögum sitja einhverjir listamenn yfir og geta gestir og gangandi fengið smá fræðslu um sýninguna og verkin," segir Björk um sýninguna. „Sýningin nær líka aðeins út fyrir sjálft setrið þar sem ég var til dæmis með innsetningu þar sem var badmintonnet, spaðar og fullt af boltum. Þá gat fólk leikið sér með þetta og haft mjög gaman af. Einnig er innsetning sem leiðir út í garð en það er slanga sem drýpur vatni. Frekar mikið að útskýra svona en fólk þarf bara endilega að kíkja á sýninguna," segir hún og hlær.

## TENGJA VIÐSKIPTI OG NÚTÍMAMYNDLIST

„Ég, ásamt Klöru Þórhallsdóttur, Kristjönu Rós, Alexöndru Lithaker og Helga Erni, er einnig að sýna í Frankfurt," segir Björk þegar við ræðum gang mála annars staðar en á Akranesi. „Þetta er sýning sem er haldin í þriðja sinn og eru prófessorar fengnir til að velja nemendur til þess að sýna í eitt ár. Sýningin er haldin í Bankaakademíunni í Frankfurt og er svona til þess að tengja viðskiptamenn framtíðarinnar við nútímalist, mjög sniðugt. Þessi sýning heitir Polar circulation og það verður gefin út bók í tilefni af henni. Það eru líka 15 listamenn frá Berlín að sýna og tveir íslenskir prófessorar, þeir Tumi Magnússon prófessor við Listaháskólaakademíuna í Kaupmannahöfn og Ingólfur Arnarson prófessor við Listaháskólann hér heima.

## NAKINN MEÐ KINDUM

„Það er einnig heimsþekkt listakona að sýna á sömu sýningu en það er Karin Sander sem er alveg frábær," segir Björk um sýninguna. „En verkin eru mörg og mismunandi en þeir sem sýndu frá Berlín komu hingað til lands og unnu verkin á einhvern hátt í tengslum við Ísland. Eitt verkið var þannig að listamaðurinn fyllti garðinn af lifandi kindum og hljóp síðan á hlaupabretti allsber í þrjá tíma þarna á milli. Það var hópur sem gerði risa ísjaka úr sama efni og sleikjóar eru búnir til og svo seldu þeir í littlum stykkjum littla ísjaka. Ég var með innsetninu þar sem ég fleytti pingpong-kúlum út á ána í garðinum, svo það má segja að þetta sé mjög fjölbreytt og skemmtileg sýning," segir Björk um allt sem er hægt að sjá.

*sigga@minnsirkus.is*



TALHÓLF FRÆGA FÓLKSINS...

## ALLTAF MEÐ SÍMANN

Súpernóvan Magni er með svona talhólfskveðju:

*„Uhh, uhh, hæ. Ég er mjög líklega ekki við. Sem er mjög hæpið vegna þess að ég er alltaf með helvítis símann á mér. En ef þú ert að hlusta á þetta þá gleymdi ég líklegast símanum mínum einhversstaðar. Uhh, bless."*

Magni er rámur og hikandi í kveðjunni. Þá notar hann ljót orð eins og helvítis. Hins vegar er hann vinalegur þó svo að hikið í röddinni sé eilítið pirrandi. Ef Tommy Lee myndi heyra þessa talhólfskveðju telst það afar ólíklegt að hann myndi segja hana vera Magni – ficent.

★★★☆☆



LJÓSMYNDASÝNINGIN HANS HUGLEIKS



BJARNI MASSI ÍHUGULL

## HUGLEIKUR OG BJARNI MASSI MEÐ SÝNINGU

Um síðustu helgi opnuðu Hugleikur og Bjarni Massi sýningu í KronKron sem enginn á að láta framhjá sér fara. Fyrir þá sem ekki vita neitt í sinn haus, þá er búðin kominn á Vitastíg og þar er að finna hátískufatnað eftir hina ýmsu hönnuði. Að sjálfsögðu eru alltaf reglulega skemmmtilegar uppákomur og að þessu sinni er það skemmtileg sýning sem enginn á að láta fram hjá sér fara.

HEIMASÍÐA VIKUNNAR

## FRIÐRIK ÓMAR OG AÐDÁENDURNIR

Fridrik.is er ein heitasta heimasíðan á netinu um þessar mundir, en þar er enginn annar á ferð en stórsöngvarinn Friðrik Ómar. Á síðunni má lesa fréttir af þessum ljóshærða snillingi sem hefur sungið sig inn í hjörtu landsmanna, hlusta á tónlistina hans eða einfaldlega virða fyrir sér myndir af kappanum. Frábær leið til að kynnast ídólinu sínu betur. Og ekki gleyma að kíkja á gestabókina hans og kasta kveðju á kallinn!





## SIRKUSTVÍFARAR



HRAFN DAVÍÐSSON MARKVÖRÐUR ÍBV



NAPOLEON DYNAMITE

Þeir Hrafn Davíðsson og Napoleon Dynamite eru alveg hreint nauðalíkir. Báðir eru þeir ansi hávaxnir og með vel hrokkið hár. Þá hafa þeir ekki svo ósvipað andlitsfall, félagarnir. Hrafn Davíðsson er markvörður hjá ÍBV í Landsbankadeildinni og kastar sér milli stanganna eins og köttur. Ekki fóru hins vegar margar sögur af íþróttaafrekum Napoleons Dynamite sem var hreinn og beinn lúði. Hvort Hrafn Davíðsson er lúði skal ósagt látið, en hann er aldrei jafn mikill lúði og Napoleon.

# ÚTSALA
# ÚTSALA



bianca

Gæði og glæsileiki

Nýbýlavegi 12, Kópavogi
sími: 554 3533

# ALLT SEM ÞARF

**SIRKUS FÓR KÍKTI Í LYFJU Í KRINGLUNNI SEM ER MEÐ ALLT SEM HUGURINN GIRNIST. ÞAR FUNDUM VIÐ ÞAÐ SEM GOTT ER AÐ EIGA Á ERFIÐUM DÖGUM OG AÐ SJÁLFSÖGÐU Á GÓÐU DÖGUNUM LÍKA. ALLT ÞAÐ HELSTA SEM GOTT ER AÐ EIGA Í BAÐSKÁPNUM FYRIR HANN OG HANA.**

## STELPUSTÖFF

**1.** Osma-sléttuefni í vökvaformi fyrir krullað og úfið hár, þvílík snilld á 869 krónur.
**2.** Aloe Vera gel – 100% Aloe Vera mýkir húðina og lagar. Eykur jafnvægi húðarinnar, kælir bruna og óþægindi. Gott við hita og kláða.
**3.** Slökunarolía, unaðsolía sem er róandi og slakar á vöðvum. Ómissandi í nudd og gufubað 1.526 kr.
**4.** Maski, einnota, algjör snilld fyrir ballið eða partíið, á 189 kr. fyrir þreytta og sára fætur.
**5.** Maski, einnota, á 189 kr., þessi mýkir húðina á fótunum, maður verður mjúkur sem barnsrass.
**6.** Helosan-fótakremið sem er það besta í bænum fyrir mikið þurra húð og og sprungur í siggi á fótum, 858 kr.
**7.** Aloe Vera-svitalyktareyðir, yndislega ferskur ilmur og þurr.
**8.** Nivea-make-up remover, meðalmjúkur og fyrir viðkvæma húð og þurra húð, 458 kr.
**9.** Dr. Hauschka-dagkrem sem heldur bólum í burtu, alveg möst að prófa á 1.711 kr.
**10.** Origins-húðvernd unnin úr hvítu tei. Létt silkikennt krem sem veitir húðinni samstundis mýkt og fullkomna vörn til að halda heilbrigði húðarinnar, á 3.972 kr.
**11.** Make-up remover fyrir venjulega húð.







## STRÁKASTÖFF

**1.** Lancôme Homme-Kornakrem fyrir andlitið til þess að ná dauðum húðfrumum í burt. Nauðsynlegt að nota 1-2 sinnum í viku og best að nota með vatni, er á 2.506 kr.
**2.** Clinique-herrasápa sem hreinsar vel og eykur vellíðan. Fyrir þurra húð á 1.960 kr.
**3.** Lancôme Homme-slakandi maski, 8 í pakka, 4 róandi maskar og 4 slakandi, alveg frábært á 1.604 kr.
**4.** Biotherm Homme-augnkrem sem dregur úr þrota og dökkum baugum. Fyrirbyggjandi og vinnur gegn öldrun á 3.007 kr.
**5.** Donna Karan New York-Ferskur ilmur í flottum umbúðum, kostar 1.693 kr.
**6.** Zirh soothe-meðferð eftir rakstur sem dregur úr roða og rakstursbruna og þeim óþægindum sem fylgja oft rakstri.
**7.** Armani Code-ilmurinn sem er frekar sterkur og nett þungur, er á 3.381 kr.
**8.** Biotherm Homme-Frískandi húðmjólk á allan líkamann. Heldur húðinni ferskri klukkustundum saman.

## ÓSKALISTINN...



Badminton-sett úr Tiger, skemmtilegt í partiið.



Skemmtilegir pennar fyrir fuglaaðdáendur, frá Sipu á Laugaveginum.



Yndisleg kaffivél úr Te og kaffi í Kringlunni.



Flotir bakkar úr Tiger í Kringlunni.



Sipa á Laugaveginum selur þessa yndislegu Barbapabba-ristavél.



Sipa á Laugaveginum er með gott úrval af Barbapabba-dóti.



Flott hálsmen úr Spúútnik, frá 1.700–2.900 kr.




# nýtt túbugloss

**NÝTT**

**Silk gloss**

**Túbugloss - mikill gljái, mikil næring fyrir varirnar**

**Nú með Aloe Vera, Shea Butter og E vítamíni**






MAX FACTOR
THE MAKE-UP OF MAKE-UP ARTISTS

**www.medico.is**



# TÍMALAUS KLASSÍK

YAMAMOTO YOHJI ER 63 ÁRA OG HEFUR ÞVÍ LÆRT SITT Í GEGNUM TÍÐINA. HANN ER FÆDDUR Í TÓKÝÓ OG ÞEKKTUR FYRIR FALLEGA HÖNNUN. EIN AF ÁSTRÍÐUM HANS FYRIR UTAN FATAHÖNNUN ER HARMONIKKUTÓNLIST EN HANN SPILAR VÍST JAFN FALLEGA OG HÖNNUN HANS ER FLOTT. YAMAMOTO YOHJI STOFNAÐI EIGIÐ FYRIRTÆKI ÁRIÐ 1972 SEM HEITIR Y'S. HANN ER MIKILL AÐDÁANDI BOBS DYLAN OG FERILL HANS HÓFST UM 1970. FYRSTA TÍSKUSÝNING HANS VAR ÁRIÐ 1977 Í TÓKÝÓ. HANN NOTAR EKKI MIKIÐ AF LITUM, OFTAST FREKAR EINFALDA DÖKKA TÓNA, HERMANNALITI OG HVÍTA EN STÍLLINN ER EINFALDUR OG FÁGAÐUR. YAMAMOTO HANNAR BÆÐI FYRIR KONUR OG KARLA OG ER FATNAÐUR HANS TÍMALAUS KLASSÍK. Í DAG ÞÉNAR FYRIRTÆKI HANS MEIRA EN HUNDRAÐ MILLJÓN DOLLARA Á ÁRI OG SVO HANNAR HANN, FYRIR UTAN Y-LÍNUNA, BÚNINGA FYRIR STÆRSTU ÓPERU- OG BALLETTHÚS HEIMS.





FLOTTUR BRÚÐARKJÓLL



YAMAMOTO YOHJI



KOLKRABBAARMAR





GEGGJUÐ HÖNNUN

# LOKASÝNING MEÐ TÁRVOT AUGU

YVES SAINT LAURENT ER FÆDDUR ÁRIÐ 1936. HANN ÓLST UPP Í ORAN Í ALSÍR EN FLUTTIST TIL PARÍSAR AÐEINS 17 ÁRA GAMALL. HANN SÝNDI MICHEL DE BRUNHOFF, RITSTJÓRA VOGUE, TEIKNINGARNAR SÍNAR OG VORU ÞÆR BIRTAR STRAX. SAINT LAURENT KOMST Í KYNNI VIÐ CHRISTIAN DIOR OG VANN HJÁ HONUM ÞAR TIL DIOR DÓ ÁRIÐ 1957, EN ÞÁ VARÐ HANN FRAMKVÆMDASTJÓRI HJÁ DIOR OG SÝNDI SÍNA FYRSTU LÍNU, LIGNE TRAPÉZE, SEM SLÓ HELDUR BETUR Í GEGN. HANN HLAUT NEIMAN MARCUS OSCAR OG VARÐ SVO EINNIG ÞEKKTUR FYRIR LÍNUNA BEAT LOOK OG AÐ SJÁLFSÖGÐU LE SMOKING OG SVONA MÁ LENGI TELJA. Í DAG ERU VÖRURNAR SELDAR ÚTI UM ALLAN HEIM OG ER ÞETTA EKKI EINUNGIS FATNAÐUR HELDUR SKARTGRIPIR, SNYRTIVÖRUR, FELDIR OG MARGT FLEIRA. HANN ER FORSPRAKKI YSL-VELDISINS OG Á STÓRAN ÞÁTT Í VELGENGNI FYRIRTÆKISINS. ÁRIÐ 2002, ÞÁ 65 ÁRA GAMALL, TILKYNNTI HANN AÐ KOMINN VÆRI TÍMI Á SMÁ HVÍLD OG SAGÐI MEÐAL ANNARS AÐ HANN VÆRI AÐ KVEÐJA IÐNAÐ SEM SNÉRIST MEIRA UM AUGLÝSINGAHAGNAÐ EN NOKKURN TÍMANN LIST. HANN SÝNDI SÍNA SÍÐUSTU LÍNU MEÐ YFIR 250 GERÐUM KLÆÐNAÐAR, ÞAR AF VORU 40 NÝ HÖNNUN OG FYRIRSÆTURNAR VORU UM 100. YVES SAINT LAURENT HNEIGÐI SIG Í SÍÐASTA SINN MEÐ AUGUN FULL AF TÁRUM Á MEÐAN DÍVAN HANS, CATHERINE DENEUVE, SÖNG MA PLUS BELLE HISTOIRE D'AMOUR.


SMART GAUR OG FLOTT DRESS






KLÚTAR OG SLAUFUR ER HEITT






SLICK!


LAURENT STEFANO PILATI, HÖNNUÐUR YSL, GEFUR V-MERKIÐ EFTIR SÝNINGU

# Á BORGARFIRÐI GERAST HLUTIRNIR

**ÞAÐ MÁ MEÐ SANNI SEGJA AÐ ÞEIR Á BORGARFIRÐI EYSTRI STANDI SIG Í STYKKINU. NÚNA Á LAUGARDAGINN VERÐA TÓNLEIKAR MEÐ BELLE AND SEBASTIAN OG EMILÍÖNU TORRINI. ÞAÐ ER GERT RÁÐ FYRIR UM 1000 GESTUM OG ER UNDIRBÚNINGURINN Í FULLUM GANGI. BORGARFJÖRÐUR EYSTRI ER GREINILEGA Á BULLANDI FART.**

Borgafjörður eysti og víkurnar með öllum sínum sérkennum





Emilíana Torrini

Belle and Sebastian

Núna um helgina er allt að gerast bæði í bænum og svo að sjálfsögðu úti á landi. Það sem stendur upp úr og flestir ætla að leggja leið sína á er Borgarfjörður eystri, þar verða tónleikar, fullt af fólki og snilldarútilegustemning. Flestir ætla að taka þetta bara alla leið og njóta góðra tóna í hundvotum útilegugalla.

Það er um að gera að drífa sig snemma út úr bænum svo það verði pláss fyrir ykkur á tjaldsvæðinu og gott er að bóka sig snemma inn á farfuglaheimilið Ásbyrgi eða jafnvel Gistiheimilið Borg. Komið ykkur vel fyrir, tendrið grillið og fáið ykkur einn kaldan. Það er margt í gangi fyrir utan tónleikana sem eru á laugardagskvöldinu og því er um að gera að kynna sér málin eilítið áður en lagt er af stað. Það eru dansiböll í grenndinni og að sjálfsögðu er svæðið náttúruperla og mikið fuglaskoðunarsvæði.





Góð fuglaskoðunaraðstaða er við Hafnarhólma og í fuglaskoðunarhúsi við gömlu bryggjuna í Bakkagerði.

### FLOTT BÖND AÐ SPILA

Á laugardagskvöldinu verða tónleikar í Bræðslunni og ætla margir að fara til að sjá og heyra í okkar heittelskuðu söngkonu Emilíönu Torrini en eftir henni munu Belle and Sebastian sjá um að koma gestunum inn í draumkenndan ævintýraheim.

Tónleikar skosku sveitarinnar Belle and Sebastian fara gjarnan fram á sérkennilegum stöðum, svo sem bókasöfnum eða í kirkjum og að þessu sinni í Bræðslunni í Borgarfirði eystri. Tíu ár eru liðin frá stofnun sveitarinnar og er hún eitt þekktasta nafnið í indítónlist í dag. Sirkus sló á þráðinni og heyrði hljóðið í Söruh Martin.

### SPENNT OG MEÐ KÆRASTANUM

„Ég er mjög spennt fyrir ferðinni til Íslands af því að mig hefur alltaf langað að fara þangað,“ segir Sarah Martin, eins og sönnum útlending sæmir. „Þá er ég sérstaklega spennt fyrir tónleikunum í Borgarfirði. Þetta er örugglega afskekktasti staður sem við eigum eftir að koma á á ævinni. Hljómsveitin ferðast náttúrulega eitthvað um landið og svo ætla ég og kærastinn minn að vera aðeins lengur og kanna landið.“

**Fyrir forvitna**
http://www.borgarfjordureystri.is/

## útvarp X 97·7 — X-LISTINN TOPP 20

| SÆTI | FLYTJANDI | LAG |
|---|---|---|
| 1. | Wolfmother | Woman |
| 2. | Gnarls Barkley | Smiley Faces |
| 3 . | Johnny Cash | Gods Gonna Cut You Down |
| 4. | Panic! At The Disco | I Write Sins Not Tragedies |
| 5. | Biggi | The Hardway |
| 6. | System Of A Down | Kill Rock n'Roll |
| 7. | Hot Chip | Boy From School |
| 8. | Raconteurs | Hands |
| 9. | The Automatic | Monster |
| 10. | Primal Scream | Country Girl |
| 11. | Telepathetics | Last Song |
| 12. | Peeping Tom | Mojo |
| 13. | Muse | Supermassive Black Hole |
| 14. | Franz Ferdinand | Elanor put Your Boots On |
| 15. | Lost Prophets | Rooftops |
| 16. | Stone Sour | Through Glass |
| 17. | Motion Boys | Waiting To Happen |
| 18. | The Bronx | White Guilt |
| 19. | Thom Yorke | Black Swan |
| 20. | Brain Police | Rooster Booster |

**JOHNNY CASH KLIFRAR UPP LISTANN ÞRÁTT FYRIR AÐ VERA ALLUR.**



## FM957 — ÍSLENSKI LISTINN TOPP 20

| SÆTI | FLYTJANDI | LAG |
|---|---|---|
| 1. | Black Eyed Peas | Gone Going |
| 2. | Saving Jane | Girl Next Door |
| 3. | Fort Minor | Where'd You Go |
| 4. | Jeff Who? | Barfly |
| 5. | Mihai Traistariu | Tornero |
| 6. | Rihanna | Unfaithful |
| 7. | Pink | Who Knew |
| 8. | Pussycat Dolls Ft. Snoop | Buttons |
| 9. | Gnarls Barkley | Crazy |
| 10. | Nelly Furtado | Promiscuous |
| 11. | Orson | No Tomorrow |
| 12. | Teddy Geiger | For You I Will |
| 13. | Dr. Mister & Mr. Handsome | Is It Love |
| 14. | Christina Aquilera | Aint No Other Man |
| 15. | Lordi | Hard Rock Hallelujah |
| 16. | Shakira Ft. Wyclef Jean | Hips Dont Lie |
| 17. | Lucas Prada | And She Said |
| 18. | All American Reject | Move Along |
| 19. | Á móti sól | Hvar sem ég fer |
| 20. | Fræ | Dramatísk rómantík |

**FERGIE OG VINIRNIR Á TOPPNUM ENN OG AFTUR.**



# Sódóma Reykjavík

**SÓDÓMA REYKJAVÍK ER PRÓGRAMM SIRKUSS RVK FYRIR NÆSTU DAGA. FYLGDU ÞVÍ Á LEIÐINNI TIL BÆTTRAR HEILSU. SENDU OKKUR PÓST MEÐ ÁBENDINGUM UM BRÁÐNAUÐSYNLEGA ATBURÐI NÆSTU HELGAR Á SODOMA@365.IS.**

## HELGIN HJÁ MERKJUNUM

**Steingeit (22. des.–19. jan.)**
Það er sölumaðurinn en ekki varan sem ræður úrslitum, mundu að þú getur talað fólk til og ert jafnvel snillingur í því að tala sjálfa/-n þig til. Hafðu það hugfast að ef þú ert í vafa um að eitthvað sé rétt er kominn tími til að stoppa við.Viðvörunarbjöllurnar hringja ekki að ástæðulausu. Helgin er uppfull af rómantík og skemmtilegum uppátækjum.

**Vatnsberi (20. jan.–18. feb.)**
Vatnsberinn er að ná betri tökum á þeirri göfugu list að hlusta. Það er mikilvægt að vera samúðarfullur og sýna fulla athygli því oft er gott að lesa milli línanna. Leyfðu viðkomandi að tala og ekki ausa úr viskubrunninum nema þú vitir hvað þú ætlar að segja. Ekki gefa ráð út í bláinn, leitaðu frekar aðstoðar eða jafnvel hlustaðu bara, oft þarf fólk bara að fá að pústa.

**Fiskarnir (19. feb.–20. mars)**
Loksins færðu líkamann til að vinna með þér. Mundu að þú ert fyrst og fremst sál sem gæðir hina jarðnesku skel lífi. Mundu að þín andlega heilsa hefur allt að segja, þú hefur verið þreyttur undanfarna daga og því skaltu vera góður við sjálfa/-n þig. Ræktaðu þína andlegu hlið um helgina og næstu daga. Njóttu útiveru og góðra stunda með vinum og vandamönnum.

**Hrútur (21. mars–19. apríl)**
Þrá hrútsins lætur á sér kræla eftir að hafa verið í dvala í smá tíma. Hrútur minn, nú er kominn tími til að bretta upp ermar og demba sér út í verkið. Þú skalt ekki bíða lengur eða fresta þessu fram yfir helgi. Helgin er tími athafna og breytinga og það mun birta til í þínu daglega amstri.

**Naut (20. apríl–20. maí)**
Nautinu liggur margt á hjarta þrátt fyrir að geta ekki sett puttann á hvað það er eða hvort viðeigandi sé að tjá sig. Hafðu það hugfast, kæra naut, að það að sitja á sér er eins og að sitja á eldfjalli. Það mun einn daginn springa af öllum lífsins kröftum og akkúrat þegar þú átt síst von á því. Undirbúðu þig vel og hugsaðu hvernig er best að orða hlutina og þá mun þetta ganga upp. Þetta verður erfitt en ef þú verður varkár og þolinmóður við tiltekinn vin þá mun þetta allt leysast af sjálfu sér.

**Tvíburi (21. maí–21. júní)**
Líf þitt er búið að vera skrautlegt síðustu daga og fólk kemur inn í líf þitt en hverfur oft jafn hratt. Ýmist vilja allir athygli þína í einu eða þá að allt hverfur jafn skjótt og það kom. Hvernig væri að setjast aðeins niður og sjá hvað þú vilt út úr lífinu, hverja þú vilt hafa í kringum þig og hvers þú væntir af vinum og vandamönnum?

**Krabbi (21. júní–22. júlí)**
Krabbinn er sjálfstraustið uppmálað og fullur innsæis. Þessir eiginleikar virka eins og segull á fólk sem þarf á þér að halda eða þá forvitna aðila sem sækjast í skemmtilegan félagsskap. Mundu að þú þarft líka stundum á því að halda að vera í kringum einstaklinga sem eru fullir sjálfstrausts og gleði. Ekki vera alltaf í hlutverki þess sem sér um að halda uppi fjörinu heldur láttu stundum stjana við þig.

**Ljón (23. júlí–22. ágúst)**
Börn sólarinnar, eins og ljónið, vita að ekkert er í raun utan seilingar. Ekki loka fyrir drauma, leyfðu þér að dreyma öðru hverju. Maður án drauma má segja að lifi frekar tómlegu lífi. Njóttu þess að vera til og efldu tengls við vini sem þú hefur jafnvel fjarlægst. Helgin er til að endurnýja og styrkja bönd.

**Meyja (23. ágúst–22. sept.)**
Þessi helgi einkennist af lítilsháttar baráttu við vin eða samstarfsfélaga. Ekki taka það nærri þér, fólk er ekki alltaf sammála og það er oft af hinu góða, það sem kryddar eilítið tilveruna. Ekki fara á há c-ið heldur hlustaðu og stattu á þínu. Þetta mun vera áhugaverð helgi sem endar vel en lítið verður um hvíld eða einveru.

**Vog (23. sept.–23.okt.)**
Vogin mín, nú er kominn tími til að slaka aðeins á, þú átt það til að umhugsa allt og fara í hringi. Þegar þú finnur að þú ert að sökkva í þetta fen skaltu telja upp á tíu og slaka aðeins á. Dreifðu huganum með því að fara út í göngutúr eða synda smávegis. Svörin koma til þín ef þú leyfir þeim það, helgin er til að slaka á og njóta samverustunda með fjölskyldunni.

**Sporðdreki (24. okt.–21. nóv.)**
Helgin og vikan framundan er full af lífi og skemmtun. Þú ert umvafinn ást og kærleik og gott er að gefa og þiggja, því þá er maður virkilega að sá allt í kringum sig. Mundu að bros getur dimmu í dagsljós breytt og því er um að gera að nýta þá töfra yfir helgina.

**Bogmaður (22. nóv.–21. des.)**
Bogmaðurinn hefur núna í dágóðan tíma verið að burðast með mikinn og þungan tilfinningalegan farangur. Þetta er ekki einu sinni þín eigin byrði og því skaltu ekki hika við að henda henni af þér og létta aðeins á þér. Ekki burðast um með vandamál annarra, hugsaðu um sjálfa/-n þig.

## SKEMMTISTAÐIR

### FÖSTUDAGUR 28. JÚLÍ

**BAR 11**
DJ Matti á X-FM ætlar að trylla lýðinn þar til yfir lýkur eins og honum einum er lagið. Mætið og hitið ykkur vandlega upp fyrir laugardaginn.



**PRIKIÐ**
'90 kvöld á Prikinu. Dj Kiki-Ow og Dj Curver eru búnir að gera allt brjálað í norður Króatíu og núna er komið að Prikinu!!!

**VEGAMÓT**
Dj Jói ætlar að halda uppi massa stemmingu þar til morgunsólin rís. Mætið í almennilegum svitagöllum því nú verður sveittur dans tekin.

**HRESSÓ**
Ef Hressingarskálinn stendur einhvern tímann undir nafni þá er það í kvöld. Hin geysivinsæla hljómsveit Touch mun halda uppi stuði fyrrihluta kvölds og tekur Dj Johnny við af henni með miklum látum fram á rauðanótt.

**NASA**
Á föstudaginn verður partí sumarsins ... því það verða útgáfutónleikar. Flístríóið og Bogomil Font ásamt Róberti Ragnars og Eiríki Orra Ólafs með dúndrandi fersku calypso.




**CAFÉ OLIVER**
Gamlar konur myndu taka handahlaup ef þær færu á Oliver í kvöld, því Dj Suzy & Elvis munu þeyta skífum eins og vindhani.

**PRAVDA**
Dj Maggi flass mætir á svæðið á miðnætti og mun halda uppi massa stuði langt fram undir morgun. Mætið í dansskónum því það er bannað að fara snemma heim.

**VEGAMÓT**
Það verður ekki aðeins bongóblíða um helgina, heldur verða bongóslættir og bassabrjálæði í tónlistarsetti Dj Kára á Vegamótum á föstudaginn.



**SÓLON**
Dj Brynjar Már verður í eldheitum ham á föstudaginn. Veggir munu nötra og fólk mun falla í danstransmaníu, svo mikið er víst.

**CAFÉ VICTOR**
Óli og Arnar trúbba þig til milli 23 og 01. Mættu hress á Café Victor. Dj Gunni afró poppar okkur upp af lífi og sál, komdu í gargandi gleði á Café Victor.

**KRINGLUKRÁIN**
Hljómsveitin Upplyfting verður með svo upplyftandi dansleik á Kringlukránni að fólk mun aldrei geta hætt að dansa!

### LAUGARDAGUR 29. JÚLÍ

**BAR 11**
Það er enginn annar en Palli í Maus sem ætlar að trylla lýðinn eins og honum einum er lagið, hann mun ekki hætta fyrr en allir eru komnir úr að ofan.

**PRAVDA**
Rui da Silva er frá Portúgal og er búinn að vera að dj-ast og búa til tónlist í um 10 ár. Hann ætlar að þeyta skífum þar til allt tryllist.

**CAFÉ VICTOR**
Dj Jón Gestur verður í snarbrjáluðum gír fram á eldrauðanótt. Vertu viss um að missa ekki af stuðinu á Café Victor. Hlökkum til að sjá þig!



**SÓLON**
Rikki G hjálpar Brynjari Má á laugardaginn og sér til þess að dúndrandi bassinn hækki um helming og þeyti öllu sem fyrir verður um koll.

**KAFFIBARINN**
Nuno & KGB ætla að gera einhvern snilldarkokteil fyrir alla þá sem hafa gaman af því að dansa þar til maður getur ekki meira.



**CAFÉ OLIVER**
Vertu viss um að taka hjartalyfin áður en þú finnur þungan bassa Dj JBK dynja á þér hvað eftir annað á Oliver. Ógleymanlegt stuð fyrir taugakerfið.

**HRESSÓ**
Trúbadoratvíeykið Biggi og Dóri twistar með öllum tækjum og tólum fram eftir kvöldi á Hressó, en Dj Johnny klárar kvöldið eins og honum einum er lagið.

**KRINGLUKRÁIN**
Ef þið fenguð ekki nóg kvöldið áður, mætið aftur á Kringlukrána og látið dansvænar ballóður Upplyftingar lyfta ykkur upp í hæstu hæðir.

**PRIKIÐ**
Prikið stendur alltaf fyrir sínu sama hvað. Að þessu sinni er það Dj Andri DV sem hitar upp kvöldið og um miðnætti tekur Dj Benni B-ruff við.




# ÞÆR VORU RÁÐNAR

Þær Elín og Sigurbjörg slógu út yfir 400 manns sem sóttu um að stjórna mest spennandi sjónvarpsþætti sumarsins! Í þættinum Pípóla (merking: leika, dansa, spila) munu Elín og Sigurbjörg kanna hina ýmsu króka og kima íslensks samfélags. Þær setja sig í ólíkleg hlutverk í einn dag og leyfa þannig áhorfendum að kynnast lífi ólíkra hópa á reykvískum sumardögum.

FYLGSTU MEÐ!

Nú ná rúmlega 90% heimila landsins Sirkus TV. Sirkus er á rás 15 á ADSL, 69 á Breiðbandinu, 5 á Digital Íslandi en einnig er víða hægt að ná útsendingum stöðvarinnar með venjulegu loftneti.

**PÓLVERJINN KONRAD ER AÐDÁANDI SIGUR RÓSAR NÚMER EITT, TVÖ OG ÞRJÚ. HANN HEYRÐI FYRST LAG MEÐ HLJÓMSVEITINNI FYRIR FÁEINUM ÁRUM OG FLUTTI TIL ÍSLANDS NÚ Í MAÍ – Í LEIT AÐ LANDINU SEM ÓL AF SÉR HLJÓMSVEITINA.**

# SIGUR RÓS SELDI HONUM ÍSLAND



KONRAD ER DYGGUR AÐDÁANDI SIGUR RÓSAR.





KONRAD STARFAR FYRIR FLUGLEIÐIR HÉR Á LANDI.

Konrad, eða Konni eins og hann er oftast kallaður, er 28 ára Pólverji, menntaður enskukennari og rútubílstjóri. Hann kenndi ensku í mörg ár í Póllandi en starfar þessa dagana fyrir Flugleiðir. Ástæða þess að hann er hér á landi er eflaust önnur en hjá mörgum öðrum innflytjendum.

### HEILLAÐIST AF SIGUR RÓS

„Ég hef hlustað á Sigur Rós í tvö ár. Ég veit ekki mikið um sjálfa hljómsveitarmeðlimina en hef heillast algerlega af tónlistinni,“ segir Konrad. Hann heyrði fyrst í hljómsveitinni í pólsku útvarpi, keypti disk með henni í kjölfarið og hefur legið kylliflatur síðan. Spurður hvort hann hafi flutt til Íslands eingöngu vegna hljómsveitarinnar hlær Konrad við. „Kannski ekki eingöngu. Það eru nokkrar ástæður, en ég er hins vegar mjög mikill aðdáandi, því verður ekki neitað.“

### Í LEIT AÐ HUGARRÓ

Síðasta ár var ruglingslegt í lífi Konrads og hann þráði að koma því aftur í lag. „Það var fullt af atburðum, óþægilegum atburðum. Ég taldi Ísland góðan stað til þess að öðlast hugarró á ný.“ Hvort hann hafi náð ætlunarverki sínu svarar Konrad játandi. „Ísland reyndist einmitt rétti staðurinn, því hér fann ég hana.“

### TÖFRANDI TÓNLIST

Konrad segir að það séu töfrar í tónlist Sigur Rósar sem höfða til hans. „Hún er eins og af öðrum heimi og fyllir mig af orku.“ Friðsemdin og fegurðin í tónum Sigur Rósar-manna skiptir Konrad einnig máli. „Það er ekkert ofbeldi í henni, heldur virðing fyrir lífinu.“ Það kemur Konrad á óvart hversu ungir liðsmenn Sigur Rósar eru, enda er tónlistin flókin og svo mörg hljóðfæri notuð. „Ég þekki þá ekki persónulega en ég trúi ekki öðru en að þeir séu góðir menn, fyrst þeir geta skapað svona tónlist. Hún er falleg og ofbeldislaus og það heillar mig fyrst og fremst,“ segir Konrad að lokum.

# FRÉTTASTOFA GILLZ – *ÞORIR MEÐAN AÐRIR ÞEGJA*

Fréttastofan þolir ekki þegar hún hefur rétt fyrir sér en hún fjallaði um daginn um frábæran árangur Nylon þegar þær stúlkur náðu 29. sæti á breska vinsældalistanum. Fréttastofan fór einfaldlega yfir þá staðreynd að stelpurnar væru of miklar nunnur fyrir hinn harða heim poppsins og núna hefur Einar Bárðarson stigið upp og viðurkennt þetta: „Haldið þið ekki að ég hafi ekki reynt að gefa þeim það! Haldið þið ekki að ég hafi ekki farið með þeim á djammið með frægum poppurum hérna á Englandi, þær einfaldlega vilja ekki harðan PUNKTUR, hvað á ég að fokking gera í því? Ég get ekki munnriðið þeim ef þær vilja það ekki!“ sagði offitusjúklingurinn æstur þegar fréttastofan náði í hann.



Ný klipping er að gera allt vitlaust hjá unga fólkinu þessa dagana og er margra vikna biðlisti hjá honum Robba í Carter eftir klippingu sem ber einfaldlega heitið „Einn Blö“. „Þessi klipping er þannig að það er skafið ofan á hausnum en hafðir broddar í hliðunum og er það gert til þess að það líti út fyrir að menn séu í alvörunni sköllóttir. Það er mikið um það að menn séu að koma til mín og biðja um þetta og yfirleitt er það vegna þess að það eru frægir menn sem eru búnir að taka skrefið og viðurkenna hárleysið sitt. Það sem einu sinni þótti ljótt þykir töff núna, þannig er þessi bransi,“ sagði Robbi hárgreiðslumeistari Íslands. Fréttastofan fór á stúfana og tók viðtöl við nokkra unga krakka sem voru með „Einn Blö“ og niðurstaðan var sú að þessi börn og unglingar líta mikið upp til þekktra einstaklinga sem meðal annars eru: Auðunn Blöndal, Zinedine Zidane, Þórður Helgi Þórðarson, Guðmundur Magni og Bruce Willis.



Eitt mesta Newsflash ársins 2006 var þegar Friðrik Ómar söngvari kom út úr skápnum á dögunum. Mörg þúsund manns þurftu á áfallahjálp að halda og kom þetta mörgum á óvart. „Þetta var greinilega bara eitthvað sem fólk grunaði ekki og það er ljóst að það verður mikið að gera hjá okkur á næstunni,“ sagði Sigurður Guðmundsson landlæknir.

Fréttastofan veltir einfaldlega fyrir sér hvort menn séu eitthvað þroskaheftir! Menn með greindarvísitölu hafa allan tímann vitað að Friðrik ekur um á öfugum vegarhelmingi og síðan lætur fólk þetta koma sér á óvart!



Til þess að koma í veg fyrir svona misskilning í framtíðinni ætlar fréttastofan að telja upp nokkra aðila sem eru líklegir til að koma út úr skápnum í náinni framtíð: Ingvar Kale markmaður, Jónsi í svörtum hönskum, Páll Óskar Hjálmtýsson, Svavar Örn tískulögga, Adolf Ingi Erlingsson og Felix Bergsson.

Listafólk á Íslandi hefur verið að fella tár í tonnatali undanfarna daga og vikur yfir því að Guðmundur Magni hafi komist í úrslit Supernova en ekki Jenni söngvari Brainpolice. Enn sigrar hnakkinn í baráttunni milli þessara tveggja þjóðflokka og það virðist sem hinn almenni trefill sé alveg gjörsamlega hæfileikalaus. Fréttastofan óskar öllum hnökkum á landinu hins vegar til hamingju með þetta.

Allt varð vitlaust í Smáralindinni á dögunum þegar fólk taldi sig hafa séð Dwayne Johnson, eða The Rock eins og hann er betur þekktur, röltandi um Smáralindina. Öryggisverðir höfðu í nógu að snúast að halda æstum múgnum frá manninum sem var bara að rölta í hægindum sínum um verslunarmiðstöðina. Þegar betur var að gáð var þetta listamaður sem var einu sinni þekktur undir nafninu Dóri Dna eða Rapphlunkurinn. Þessa dagana er hann einfaldlega kallaður The Rock enda orðinn sláandi líkur leikaranum geðþekka. „Jú, ég byrjaði í einkaþjálfun hjá Neggernum fyrir nokkrum vikum og bað hann að breyta mér í The Rock, ég hélt það myndi taka lengri tíma en hann gerir einfaldlega kraftaverk maðurinn, auðvitað þakka ég líka árangurinn Gillz-réttinum á Players, BK og fæðubótarefnunum frá Fitness Sport,“ sagði The Rock (Halldór Rapphlunkur Halldórsson) í viðtali við fréttastofuna.

Fréttastofunni finnst alltaf leiðinlegt að sjá fullorðna menn með allt lóðrétt niðrum sig grenjandi á almannafæri. Núna hefur öll fréttastofan æft knattspyrnu einhvern tímann á ævinni, meira að segja veðurfréttamaðurinn, og hér vita allir að menn segja ýmislegt á vellinum í hita leiksins og er það bara hluti af leiknum. En að Guðmundur Mete skuli vera að kæra Hjört Hjartar leikmann ÍA fyrir kynþáttafordóma er fyrir neðan allar hellur. Eiga allir minnihlutahópar að kæra núna ef það er sagt eitthvað við þá! Ef Ásgeir Kolbeins myndi kæra alla þá sem kölluðu hann rauðhærðan þá hefði hann ekki tíma til að gefa stífan um helgar! Guðmundur, girtu þig og hagaðu þér!



Búið er að afsanna kenninguna um að allir karlmenn líti vel út í sjóarabúningi en þetta var staðfest fyrr í vikunni. Áður var talið að það skipti nokkurn veginn engu máli hvernig menn litu út, ef þeir færu í hvíta sjóarabúninginn, þá töppuðu þeir af. Þessi kenning var afsönnuð í nýjasta LoveGuru-myndbandinu þegar Árni Már vippaði sér í búninginn góða og tók nokkur spor. Það er hins vegar ekki hægt að segja það sama um Þórð Helga Þórðarson sem lyktar ávallt af hrárri kynorku. Það er ljóst að þetta er mikið sjokk fyrir hið almenna hross þarna úti sem gat ávallt notað þetta tromp þegar gúrkutíð var í kynmökum. Menn geta þó alltaf gripið til þess að stunda sjálfsfróun.

*Fréttastofa Gillz, þorir meðan aðrir þegja!*



BRIM
LAGERSALA
LAUGAVEGI 66, 2 HÆÐ
ÞAÐ ER BANNAÐ AÐ MISSA AF !!
FATNAÐUR OG FYLGIHLUTIR FRÁ M.A.
BILLABONG
ELEMENT
NO FEAR
OPTION
NIKITA
ADIO
BLAH
ALIS
Brim